# KJARVALSSTAÐIR



# úr safni Gunnars Sigurðssonar

7 ~ 16. ágúst

Mynd á bakhlið kápu :

Snorri Arinbjarnar - Uppstilling, olía, 1940-45

Kristján Davíðsson - Morgunsnyrting, olía, 1948

Þorvaldur Skúlason - Ævintýrið, olía, 1947

KJARVALSSTAÐIR

Úr safni Gunnars Sigurðssonar

7-16 ágúst, 1976.

Eitt af framtíðarverkefnum Listráðs að Kjarvalsstöðum er að standa fyrir sýningum á einkasöfnum íslenskra listsafnara sem mörg hver eru einstök. Þessi sýning á safni Gunnars heitins Sigurðssonar (1922-1970) er sú fyrsta og er hún að því leyti sérstök að Gunnar var ekki einungis fagurkeri, heldur einning náinn vinur listamanna af þeirri kynslóð sem komst til þroska á árunum 1945-1960.

Sýningin ber því vitni góðum smekk og djörfung Gunnars Sigurðssonar og er jafnframt yfirlitssýning í hnotskurn á myndlist þessara ára.

Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson aðstoðuðu við uppsetningu alla og vil ég þakka þeim, ásamt Birni Th. Björnssyni sem ritaði aðfararorð þau sem hér fylgja á eftir. Ekkja Gunnars Sigurðssonar, frú Guðrún Lilja Þorkelsdóttir sýndi málinu einstakan skilning og velvilja frá byrjun. Gæti margur áhugamaðurinn lært af myndlistaránægju hennar og umhyggju fyrir listamönnum og listsköpun almennt.

Aðalsteinn Ingólfsson



## NOKKUR AÐFARARORÐ

Það er eins og hver ný bylgja í listum eignist sinn hauk í horni, impressionistarnir menn eins og tollvörðinn Victor Choquet, Nabis-málararnir Nathansonbræðurna, kúbistarnir Apollinaire og Stein-systkinin, og þannig mætti áfram telja.

Hér heima eignaðist bylgja abstraktmálverksins einnig sinn mann, og hann furðu líkan hinum frægu forverum sínum : Gunnar Sigurðsson í Geysi. Slíkir menn, - og það veit ég af eigin raun um Gunnar, nálgast listina af djúpri eðlisþörf, og sú birting samtímans sem í henni felst, hversu ögrandi sem hún er öðrum, er þeim eins og sjálfstjáning. Þvíleita þeir heldur aldrei aftur fyrir sig. Það sem er liðið, er ekki lengur á dagskrá, og hneykslun er ekki til í þeirra orðabók, nema á því sem illa er gert eða með hálfum huga. Þeir eru í senn opnir fyrir hverri nýlundu og skeleggir gagnrýnendur, þeir eru innan veggja, og listmæti verks skiptir þá öllu máli.

Það var í senn gaman og lærdómsríkt að sjá Gunnar skoða ný verk sem málararnir ungu báru upp í Listvinasal. Hann stóð kyrr fyrir framan þau, með hendurnar fram fyrir sig, hvora á annarri, klæddur sem ávallt af flekklausri smekkvísi, með drifahvítt handlín fram úr ermunum og yfirvaraskeggið vandlega snyrt, og eftir djúpa en skamma skoðun féll dómurinn. Ég man varla til að hann raskaðist við nánari kynni af verkinu. Og þegar eitthvað alnýtt kom fram, var eins og hann hefði beðið eftir því : "Jæja, þá er þetta nú loksins komið hjá honum.

framh/...

Svei mér að ég hélt hann ætlaði aldrei að losna úr gamla sullinu", eða annað á þá leið, sagt með alvörusvip og í alvörutón, en með yddri gamanseminni undir. Og það var sannarlega margt nýtt sem kom í hendur hans á þeim árum sem við stóðum saman að Listvinasalnum :

Umbreyting Þorvalds 1950-51, klippimyndir Nínu, sem síðan leiddu til steinglersins, breytingarnar á list Svavars í átt flatamálverksins, nýmyndunin í málverki Karls Kvaran, hin fyrstu og makalausu spor Sverris Haraldssonar fram á sjónarsviðið, og þeir septembermennirnir, yngri sem eldri, Snorri, Sigurjón, Valtýr, Jóhannes, Kristján og Kjartan, í sífelldri endurmótun.

Salurinn uppi á Freyjugötu, sem Gunnar hafði látið gera úr efri hluta gömlu vinnustofu Ásmundar, var fremur en nokkur annar staður í bænum vettvangur hins nýjasta í íslenskri list, alla vega á árunum 1949 til 1955. Og á heimili þeirra Gunnars og Guðrúnar Lilju heilsaði kaffisopinn upp á fleiri unga listamenn en nokkurt kaffihús. Ég man hver ósköpin stundum voru skorin þar og smurð af franksbrauði.

Að sjálfsögðu bar salurinn sig ekki á þessu oddaliði einu saman, heldur var og efnt til "vinsælla" sýninga, svo sem yfirlits á myndum Emils Thoroddsens, eða á nýjustu málverkum Jóns Stefánssonar, og skáld lásu þar úr verkum sínum, svo sem Þórbergur úr óprentuðum Sálminum, og meira að segja slepuðum við þangað upp flýgli, svo Lanzki-Ottó gæti músíserað um myndir á sýningu eftir Moussorski.

framh/...

Sumar myndanna hrifu Gunnar svo þegar í fyrstu, að hann lagði á þær fölur. Aðrar fékk hann að velja upp í greiðslur, og enn gáfu listamenn honum marga mynd, vitandi að betra heimkynni yrði þeim ekki kosið. Þannig er þetta safn Gunnars Sigurðssonar ekki slíkt sem auðmaðurinn - konnisörinn - fyllir eftir kerfi og drepur í skörðin : Það er miklu fremur lifandi dókúment skamms en mikils umbrotaskeiðs í list okkar. Það er dagbók tíðinda, sem öll þóttu ekki fréttnæm á líðandi stund, en munu samt lifa flest hin, sem voru með stærra letri þrykkt.

Ég flyt kveðju og margfalda þökk Guðrúnu Lilju, og þakklæti okkar vina Gunnars Sigurðssonar fyrir þá virðingu sem Kjarvalsstaðir votta honum með þessari sýningu.

Björn Th. Björnsson



## ÚR SAFNI GUNNARS SIGURÐSSONAR

### Listi yfir verk

EINAR BALDVINSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Hús og skip | pastel | 26 x 36 | c. 1947 |
| 2. | Mynd | vatnsl. | 18 x 26 | c. 1950-52 |

EIRÍKUR SMITH

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3. | Komposition | vatnsl. | 46 x 65 | 1950 |
| 4. | 1001 | vatnsl. | 37 x 46 | 1951-2 |
| 5. | 1002 | vatnsl. | 37 x 46 | 1951-2 |

HAFSTEINN AUSTMANN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6. | Komposition | gvass | 18 x 25 | 1956 |

HJÖRLEIFUR SIGURÐSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 7. | Mynd | vatnsl. | 35 x 25 | c. 1965 |

HÖRÐUR ÁGÚSTSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 8. | Gamall bær | túsk | 28 x 37 | c. 1943-4 |
| 9. | Frá Bretagne | blýantst. | 15 x 20 | 1950 |

JÓHANNES GEIR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10. | Úr fjörunni | vatnsl. & þekjul. | 36 x 54 | c. 1948 |

JÓHANNES JÓHANNESSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11. | Uppstilling | olía | 64 x 43 | 1942 |
| 12. | Uppstilling | olía | 20 x 26 | c. 1945 |
| 13. | Epli og vín | olía | 44 x 50 | c. 1945 |
| 14. | Stúlka | olía | 76 x 90 | c. 1946 |

framh/ ...

JÓHANNES JÓHANNESSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 15. | Stúlka | olía | 40 x 30 | 1946 |
| 16. | Uppstilling | gvass | 19 x 24 | c. 1947 |
| 17. | Uppstilling | olía | 70 x 43 | c. 1950 |
| 18. | Hjónakorn | vatnsl. | 19 x 14 | 1951 |
| 19. | Afmælismynd | olía | 55 x 40 | c. 1955-56 |
| 20. | Málverk | olía | 36 x 44 | 1964 |
| 21. | Komposition | gvass | 25 x 27 | c. 1964 |
| 22. | Málverk | olía | 105 x 110 | 1968 |
| 23. | Upplífgandi mynd | gvass | 21 x 20 | 1973 |

JÓN GUNNAR ÁRNASON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 24. | Teikning (Nr,3) | túsk | 37 x 37 | 1968 |

KARL KVARAN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 25. | Komposition | olía | 55 x 75 | c. 1950 |
| 26. | Bleik komposition | olía | 110 x 82 | c. 1954-5 |
| 27. | Mynd | olía | 85 x 66 | 1967 |

KJARTAN GUÐJÓNSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 28. | Ævintýri | olía | 50 x 59 | 1947-49 |
| 29. | Komposition | vatnsl. | 19 x 28 | 1951 |
| 30. | Afstyrmi | dúkrista | 26 x 19 | c. 1952-54 |
| 31. | Hopp og hí | vatnsl. | 21 x 30 | 1953 |

KRISTJÁN DAVÍÐSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 32. | Morgunsnyrting | olía | 150 x 120 | 1948 |
| 33. | Skýjaglópur | olía | 46 x 40 | 1948-50 |
| 34. | Góð kona | olía | 66 x 30 | c. 1950 |
| 35. | Dans | olía | 34 x 17 | c. 1950 |
| 36. | Kona | dúkrista | 22 x 14 | c. 1951-52 |

framh/...

KRISTJÁN DAVÍÐSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 37. | Ömmudrengur | vatnsl. | 24 x 28 | 1956 |
| 38. | Teikning | bílalakk | 23 x 25 | 1957 |
| 39. | Fantasía | steinprent | 46 x 31 | 1957 |
| 40. | Völundarhús | túsk | 28 x 28 | 1965 |
| 41. | Afmælisfantasía | olía | 51 x 49 | 1966 |
| 42. | Teikning | vatnsl. | 18 x 18 | 1968 |

NÍNA TRYGGVADÓTTIR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 43. | Vetur í bæ | olía | 37 x 47 | 1947 |
| 44. | Haustlauf | vaxlitir | 15 x 16 | c. 1948 |
| 45. | Hús við sjó | olía | 30 x 40 | 1950 |
| 46. | Komposition | vatnsl. | 35 x 62 | 1950 |
| 47. | Komposition | vatnsl. | 29 x 59 | 1950 |
| 48. | Komposition | vatnsl. | 24 x 30 | c. 1950 |
| 49. | Hugmynd að glerglugga | collage | 43 x 28 | 1951 |

SIGURÐUR SIGURÐSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 50. | Við lestur | blekteikn | 12 x 15 | 1956 |

SKARPHÉÐINN HARALDSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 51. | Hvít segl | vatnsl. | 27 x 36 | c. 1955-60 |

SKÚLI THORODDSEN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 52. | Skúlaskeið | vatnsl. | 29 x 42 | 1968 |

SNORRI ARINBJARNAR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 53. | Uppstilling | olía | 105 x 85 | c. 1942-45 |
| 54. | Alliance | vatnsl. | 39 x 32 | 1942 |
| 55. | Nóvembersól | vatnsl. | 33 x 24 | 1945 |
| 56. | Bátar | vatnsl. | 36 x 42 | 1948 |

framh/...

SNORRI ARINBJARNAR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 57. | Hríslur | vatnsl. | 39 x 43 | 1949 |
| 58. | Síðsumar | vatnsl. | 22 x 28 | 1949 |
| 59. | Tindaskagi | vatnsl. | 40 x 49 | 1949 |
| 60. | Kauptún | vatnsl. | 32 x 42 | 1949 |
| 61. | Í sjávarþorpi | vatnsl. | 25 x 30 | 1950 |
| 62. | Kvöldskin | vatnsl. | 30 x 40 | 1950 |
| 63. | Frá Grímstaðaholtinu | vatnsl. | 20 x 28 | 1950 |
| 64. | Bygging | vatnsl. | 30 x 40 | 1951 |
| 65. | Við sjó | vatnsl. | 29 x 42 | 1951 |
| 66. | Af svölunum | vatnsl. | 28 x 39 | 1951 |

SVERRIR HARALDSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 67. | Komposition | olía | 16 x 20 | c. 1951-2 |

VALTÝR PÉTURSSON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 68. | Leikur | olía | 54 x 59 | c. 1946-7 |
| 69. | Uppstilling | vatnsl. | 17 x 12 | 1950 |
| 70. | Mynd | mósaík | 49 x 22 | c. 1950-53 |
| 71. | Form | olía | 82 x 58 | c. 1952-53 |
| 72. | Komposition I | tempera | 40 x 31 | 1952 |
| 73. | Komposition II | tempera | 31 x 40 | 1952 |
| 74. | Afstraksjón | vatnsl. | 32 x 24 | 1952 |
| 75. | Komposition | olía | 34 x 34 | 1958 |
| 76. | Málverk | olía | 49 x 34 | 1961 |
| 77. | Mynd | olía | 70 x 55 | 1966 |
| 78. | Komposition | olía | 128 x 131 | 1966 |
| 79. | Komposition | olía | 105 x 80 | 1967 |

framh/...

ÞORVALDUR SKÚLASON

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 80. | Sjómenn | olía | 84 x 94 | 1944-45 |
| 81. | Trompettleikarar | litkrít | 35 x 27 | 1945 |
| 82. | Fjara | olía | 85 x 95 | 1945 |
| 83. | Gríma | olía | 75 x 65 | 1947 |
| 84. | Ævintýrið | olía | 100 x 110 | 1947 |
| 85. | Gríma | gvass | 37 x 44 | c. 1947-8 |
| 86. | Málverk | olía | 37 x 60 | 1951 |
| 87. | Málverk | olía | 60 x 75 | 1952 |
| 88. | Mynd | olía | 75 x 90 | c. 1957 |
| 89. | Komposition | gvass | 26 x 34 | 1961 |
| 90. | Flug | túsk & vaxlitir | 20 x 26 | 1967 |
| 91. | Svif | gvass | 20 x 29 | 1968 |

